

Fundur-13.apríl 2005

Endurrit fundargerðar umhverfis- og náttúruverndarnefndar Reykhólahrepps 13. apríl 2005.

Ár 2005 þann 13. apríl kom umhverfis- og náttúruverndarnefnd saman til fundar á Reykhólum. Fundurinn hófst kl. 13:15. Mættir allir aðalmenn nema Ása Stefánsdóttir. Einnig sátu fundinn Guðjón D. Gunnarsson, Ragnhildur Jónsdóttir frá Staðardagskrá 21 og sveitarstjóri er einnig reit fundargerð.

1) Staðardagskrá 21 fyrir Reykhólahrepp, framhald frá fyrri fundi.

g) Opinber innkaup. Panta má t.d. umhverfismerkta pappír. Stuðlað verði að innkaupum almennt í stórum einingum. Gott væri að kynna fyrir þeim sem innkaup annast fyrir hreppinn umhverfisvæna innkaupastefnu.

h) Eiturefni. Fundarmenn voru sammála um að fella þetta undir úrgangsflokkinn og hætta við að hafa þetta sem sérlið.

i) Námur. Ganga þarf vel frá námum og tryggja góða umgengni við þær. Athuga þarf námur og skrá þær við gerð aðalskipulags.

j) Matvælaframleiðsla. Fjallað var nokkuð um sláturhúsið í Króksfjarðarnesi. Það er í fullum rekstri en ekki er um neina úrvinnslu kjöts að ræða. Rætt var einnig um heimavinnslu afurða. Einnig var bent á að Reykhólahólfið er fjársjúkdómalaust svæði sem mætti nýta í markaðssetningu.

k) Umhverfisfræðsla. Viða hafa ungmennafélög komið að umhverfisfræðslu. Einnig þarf að kenna bændum að losna við úrgang eða lágmarka hann.

2) Stæði fyrir varðeld á Reykhólum. Nefndin mælir með að varðeldi verði komið fyrir á Skeiðinu og lýsti ábúandi Reykhólajarðar sig samþykkan.

3) Rætt um eyðingu rúlluplasts. Fyrir liggur að brennslustöðin Funi á Ísafirði brennir rúlluplasti af norðanverðum Vestfjörðum og þangað liggja öðru hverju ferðir með tóman bíl vegna sláturhússflutninga. Hinn kosturinn væri að Gámaþjónusta Vesturlands eða annar verktaki safnaði þessu saman og flytti suður til útflutnings. Enn fremur var rætt um gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs, en samstarfsvettvangur Vestlendinga, Sunnlendinga, Suðurnesjabúa og íbúa höfuðborgarsvæðisins hefur hafnað samstarfi við Reykhólahrepp um gerð þessarar áætlunar. Fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga er að kanna ástand þessara mála hjá sveitarfélögunum ellefu á Vestfjörðum og mun síðan hafa samband. Formanni nefndarinnar falið að athuga betur með eyðingu rúlluplasts.

4) Tekið fyrir erindi frá Þorvaldi Steinssyni og Gunnlaugi Péturssyni. Þeir benda á að svokölluð leið B í áfanga 2 á endurbótum Vestfjarðavegar nr. 60 (þ.e. leiðin frá Þórisstöðum að Kraká á Skálanesi) hafi mikla eyðileggingu birkiskógar í för með sér, líklega 50-60 hektara í Teigsskógi og Hallsteinsneshlíð og einnig verulega eyðileggingu á austanverðu Grónesi vegna þess að gera þarf veg eftir því endilöngu einnig. Bréfritarar kjósa að farnar verði aðrar leiðir við val á nýju vegstæði Vestfjarðavegar í Gufudalssveit. Nefndin leggur til að skipulögð verði ganga í gegnum Teigsskóg og eftir Hallsteinsneshlíð um mánaðamótin júní/júlí. Allir verði velkomnir, jafnt andstæðingar sem stuðningsmenn leiðar B. Hugsanlega verði hægt að virkja fjölmiðla í þessu máli.

Fundi slitið kl. 16:00

Guðjón D. Gunnarsson (sign)

Tómas Sigurgeirsson (sign)

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Ragnhildur Helga Jónsdóttir (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)